



Hr. Ellert Gissurarson
Gunnarssundi 4
220 Hafnarfirði

Fr. Selma Björk Petersen
Gunnarssundi 4
220 Hafnarfirði

Hr. Svavar G. Jónsson
Austurgötu 30
220 Hafnarfirði

Hr. Natthawat Voramool
Austurgötu 30
220 Hafnarfirði

Mál nr. 13/2015

Reykjavík, 24. júní 2015

Efni: Endurupptökubeiðni vegna máls nr. 13/2015

Með bréfi, dags. 26. maí 2015, sem móttakið var hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 27. s.m., var óskað eftir endurupptöku úrskurðar í máli nr. 13/2015, sem úrskurðarnefndin kvað upp hinn 16. apríl 2015. Mál nr. 16 og 19/2015 voru sameinuð fyrrgreindu máli.

Í bréfinu eru gerðar athugasemdir í fjórum tölusettum liðum við svör Hafnarfjarðarbæjar til úrskurðarnefndarinnar frá 9. mars 2015. Í fimmta liðnum eru gerðar athugasemdir við þau gögn um skuggavarp sem fyrir lágu í málinu og þess krafist að úrskurðarnefndin byggji úrskurð sinn á nákvæmari upplýsingum og greiningu. Athugasemdirnar eru þess eðlis að úrskurðarnefndin sá ekki ástæðu til þess að kynna þær Hafnarfjarðarbæ eða leyfishafa.

Úrskurðarnefndin fjallaði um endurupptökubeiðni yðar á fundi sínum þriðjudaginn 23. júní 2015 og fól formanni nefndarinnar að afgreiða beiðnina, svo sem hér er gert.

Þér hafið beiðst endurupptöku úrskurðar í máli nr. 13/2015 svo sem heimilt er skv. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem kveður á um að aðili máls eigi rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný hafi ákvörðun byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tl., eða hafi íþyngjandi ákvörðun byggst á atvikum sem breyst hafi verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 2. tl.

Vegna liða 1-4 í endurupptökubeiðni skal tekið fram að almennt verður ekki séð að athugasemdir kæranda við svör Hafnarfjarðarbæjar bendi til þess að ófullnægjandi eða rangar upplýsingar hafi legið fyrir úrskurðarnefndinni. Varðandi einstaka liði skal þó tekið fram að:

- Tillaga að breyttu deiliskipulagi Strandgötu 31-33 var auglýst í Fréttablaðinu 17. júlí 2014 og var jafnframt tekið fram í lok annarrar efnisgreinar að kynningarfundur yrði haldinn 14. ágúst og að nánari upplýsingar væru veittar á skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðarbæjar.
- Athugasemdir þess efnis að samráð væri ekki virt í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5.3.1. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 komu fram á kynningartíma og var svarað með umsögn skipulags- og byggingarsviðs.
- Hin kærða deiliskipulagsbreyting ber með sér svör Hafnarfjarðar við athugasemdum Skipulagsstofnunar.
- Kæra í málinu laut ekki að staðsetningu opinberrar þjónustu utan miðbæjar Hafnarfjarðar.

Allar framangreindar upplýsingar lágu fyrir úrskurðarnefndinni þegar hún kvað upp úrskurð sinn.

Varðandi athugasemdir um gögn varðandi skuggavarp skal tekið fram að úrskurðarnefndin hlítir ákvæðum stjórnarsýslulaga við málsmeðferð sína en rannsóknarregla 10. gr. þeirra kveður á um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Að sama skapi er það á forræði úrskurðarnefndarinnar að ákveða að gagnaöflun sé lokið, enda sé mál þá nægjanlega upplýst í samræmi við framangreint. Að mati úrskurðarnefndarinnar lágu fyrir fullnægjandi gögn, m.a. um skuggavarp, og skal bent á að úrskurðarnefndin er skipuð sérfróðum aðilum.

Loks verður ekki séð að atvik hafi breyst frá uppkvaðningu úrskurðar.

Með vísan til alls framangreinds verður hvorki séð að úrskurðurinn hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né að skilyrðum 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga til endurupptöku sé að öðru leyti fullnægt. Beiðni yðar um endurupptöku á máli nr. 13/2015 er því hafnað.

Virðingarfyllst,



Nanna Magnadóttir, formaður
úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála